

Föstudaginn 10. maí 1963.

Nr. 51/1963. **Snjólaug Guðmundsdóttir**
 gegn
Ingvari Ingvarssyni.

Dó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og prófessor Theodor B. Lindal.

Visun kærumáls frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. apríl 1963 og krafist þess, að úrskurður héraðsdóms verði úr gildi felldur, málinu vísað frá héraðsdómi og varnaraðilja dæmt að greiða honum málskostnað í hér-
aði og kærumálskostnað.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Lagaheimild brestur til kæru máls þessa til Hæstaréttar. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður þæjarþings Ísafjarðar 22. marz 1963.

Ár 1963, föstudaginn 22. marz, var í bæjarþingi Ísafjarðar, sem haldið var í bæjarfógetaskrifstofunni af Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta með meðdómsmönnum Arnóri Stígssyni og Gunnari Jónssyni, kveðinn upp úrskurður í máli þessu, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 11. þ. m.

Mál þetta hefur Ingvar S. Ingvarsson framkvæmdastjóri, Miðtúni 29, Ísafirði, höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttatilaun, gegn Snjólaugu Guðmundsdóttur, Tangagötu 6, Ísafirði, með stefnu, útgefinni 14. desember 1962, og eru stefnukröfurnar þessar:

1) að stefnda endurgreiði stefnanda kr. 136.715.15, útlagðan

kostnað við innréttingu á húsinu Miðtún 29, hér í bæ, að frádreginni leigu þeirri á húsinu, sem hæfileg kann að þykja samkvæmt úrskurði dómkvaddra manna eða eftir mati húsaleigunefndar.

2) að stefnda verði dæmd til að endurgreiða sér meðaltal mánaðarlegs hitunarkostnaðar áðurnefnds húss umfram kr. 600.00 á mánuði og stefnanda verði tildæmdur réttur til að rýma húsnaði sitt við fyrsta tækifæri eða svo fljótt, sem honum er mögulegt að fá annað viðunandi húsnaði leigt hér í bænum.

3) að stefnda verði dæmd til þess að endurgreiða stefnanda, þegar hann rýmir húsnaðið, þá fjárhæð, sem stefnandi þá kann að eiga inni hjá stefndu vegna greiðslu á innréttingarkostnaði eða fyrirframgreiddrar húsaleigu.

4) að stefnda verði dæmd til þess að koma kyndingu Miðtúns 29 í fullt stand nú þegar. En vegna heilsuspillandi áhrifa kyndingarinnar óskar stefnandi þess, að úrskurður eða dómur verði látinn ganga um það atriði út af fyrir sig eða hið allra fyrsta.

5) að stefnda verði dæmd til þess sem allra fyrst að láta lagfæra glugga, umbúnað útityra og annað nauðsynlegt, sem afлага er í húsinu.

6) að stefnda verði dæmd til þess að greiða bætur eftir mati dómkvaddra manna vegna skemmda á innbúi sínu af völdum olíuóss.

7) að stefnda verði dæmd til að greiða allan af máli þessu leiðandi kostnað samkvæmt reikningi eða til vara eftir mati réttarins.

8) Loks krefst stefnandi þess, að stefnda verði, hvernig sem málinu kann að lykta, dæmd til að greiða allan málskostnað, þar sem stefnda ekki mætti sjálf fyrir sáttanefndinni, þó alheil væri, en sendi mann á fundinn, sem stefnandi ekki tók gildan.

Stefnda hefur aðallega krafizt frávísunar málsins frá héraðsdómi og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Samkvæmt ákvörðun dómsins var frávísunarkrafan sérstaklega tekin til dóms eða úrskurðar.

Tildrög málsins eru þessi í höfuðdráttum:

Með samningi, dags. 14. des. 1961, tók stefnandi á leigu húsið Miðtún 29 á Ísafirði. Leigusali var dánarbú Kristjáns R. Olsen, en ekkja hans Snjólaug Guðmundsdóttir, stefnda í máli þessu, situr í óskiptu búi eftir mann sinn. Við samningsgerðina kom fram fyrir hönd stefndu mágur hennar, Ole N. Olsen.

Samkvæmt 1. grein leigusamningsins, sem er dskj. nr. 4 í mál-

inu, var leigutími ákveðinn frá 1. janúar 1962 til 1. janúar 1964, en uppsagnarfrestur 4 mánuðir, ella skyldi leigutíminn fram-
lengjast um ár í senn með sömu uppsagnarákvæðum.

Samkvæmt 9. gr. samningsins tók leigutaki að sér að ljúka við innréttingu hússins og málningu að innan í samráði við leigusala.

Húsaleiga átti samkvæmt 3. grein leigusamningsins að vera kr. 2.200.00 á mánuði. Leigutaki átti að hafa upp í kostnað samkvæmt 2. gr. kr. 2.200.00 á mánuði, en þegar innréttingarkostnaðurinn væri að fullu greiddur með þessum hluta húsaleigunnar, átti leigan að renna óskipt til stefndu mánaðarlega. En til þess tíma átti stefnandi að greiða stefndu mánaðarlega kr. 1.000.00.

4. gr. samningsins gerði ráð fyrir forgangsrétti leigutaka á áframhaldandi leigu og 5. gr. kvað á um það, að leigusali skyldi endurgreiða leigutaka óendurgreiddan kostnað vegna hússins samkvæmt 2. gr., ef annarhvor aðili segði samningnum upp.

Í sáttakæru, dskj. nr. 3, heldur stefnandi því fram, að hann hafi verið hlunnfarinn í leigumálunum. Kostnaður við innréttingu hússins hafi farið langt fram úr því, sem stefnandi heldur fram, að umboðsmaður stefndu hafi tjáð sér við samningsgerðina. Húsnæðið hafi verið með göllum, sem hann hafi verið leyndur, kyndingartækjum hússins mjög ábótavant og stórum eyðslufrekari en leigusali hafi sagt sér og auk þess svo gölluð, að þau hafi valdið skemmdum á húsbúnaði stefnanda og í kaupibð heilsuspillandi.

Er málið risið af þessum ágreiningsatriðum eða umkvörtunum stefnanda, enda ekkert samkomulag náðzt milli aðlija, m. a. um þessi atriði né heldur bar sáttatilraun árangur.

Stefnda byggir frávísunarkröfu sína á því, að kröfugerð stefnanda sé öll svo óljós og málið illa reifað, að á það verði ekki lagður efnisdómur, og færi þetta í bága við 88. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Beri því að vísa málinu frá í heild sinni. Í greinargerð stefndu eru kröfuliðir stefndu teknir til meðferðar hver fyrir sig, en krafan um frávísun jafnan byggð á því, að um vanreifun sé að ræða, er brjótí í bága við ákvæði 88. greinar laga nr. 85/1936. Að vísu má segja, að a.m.k. sumir kröfuliðir í stefnu séu ekki eins glöggir og ótvíræðir og æskilegt væri. Á hitt ber þó að líta, að frávísun máls í heild vegna einstakra atriða, sem e.t.v. hafa mátt vera betur upplýst í upphafi, er hvorki æskileg né heldur heppileg aðferð

og á ekki stoð í því ákvæði, sem stefnda vitnar til. Í 88. gr. segir m. a., að kröfur skuli greina „svo skýrt sem unnt er skaðabætur ótiltekið eða eftir mati viðurkenningu á réttindum, lausn undan skyldu“ o. s. frv.

Verður ekki annað séð, en málatilbúnaður stefnanda sé nægilega glöggur til þess að ekki brjóti í bága við framangreint lagaákvæði og því engin efni til að vísa málinu frá dómi í heild, hvað sem um einstök atriði kann að verða síðar.

Stefnda nefnir það, að málatilbúnaður stefnanda gangi í berhögg við reglu 105. greinar laga nr. 85/1936 um greinargerð. Á þetta verður ekki fallizt. Í nefndri grein segir berum orðum, að vísa megi til sáttakæru um málsatvik og kröfugerð, eins og stefnandi gerir, en auk þess lagði stefnandi fram við þingfestingu aðiljaskýrslu, sem skoða má sem hluta af greinargerð hans. Er tilefni málshöfðunarinnar rakið þar allýtarlega frá sjónarmiði stefnanda og alveg sérstaklega leitast við að rökstyðja 1. kröfulið stefnunnar og aðra að meira eða minna leyti, og er þetta allt í fullkomnu samræmi við upphaf 105. gr. laga nr. 85/1936.

Loks má geta þess, að í greinargerð hefur stefnda berum orðum viðurkennt, að 1. kröfuliður stefnu eigi efnislega rétt á sér, þótt upphæð hans sé umdeild.

Að þessu athuguðu, sýnast ekki vera nægar ástæður fyrir hendi til þess að vísa þessu máli frá dómi í heild sinni.

Ályktunarorð:

Krafa stefndu, Snjólaugar Guðmundsdóttur, um frávísun málsins frá dómi verður ekki tekin til greina.
